

Skýrsla Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélags Íslands flutt á aðalfundi Ljósmeðrafélags Íslands þann 24. mars 2012

Starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélagsins á starfsárinu 2011-2012 hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundir auk samskipta stjórnarmeðlima í gegnum tölvupóst.

Aðalfundur fyrir starfsárið 2011-2012 var haldinn á Akureyri á veitingarstaðnum Stríkinu. Þar komu ljósmeður saman og auk hefðbundinna aðalfundarstarfa voru lesin upp kvæði og haft gaman á meðan ljósmeður gæddu sér á góðum veitingum.

Aðventufundur var haldinn í desember á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Veðrið var afleitt og ekki fært fyrir þær sem komu lengra að en þær sem komust mættu allar með eitthvað gott að borða og lítinn jólapakka. Eva Laufey ljósmóðir sagði okkur frá ferð sinni til Malavíu. Það var mjög áhugavert og mikil umræða spannst í kjölfarið um störf og aðstæður ljósmæðra hér heima og út í heimi.

Nú standa yfir endurbætur á fæðingarstofum á Sjúkrahúsinu á Akureyri og bíða allir spenntir eftir að því ljúki. NLMÍ ætlar að athuga með styrk frá fyrirtækjum hér á Akureyri, til kaupa á endurlífgunarborðum fyrir nýju stofurnar.

Áætlað er að halda aðalfund á Siglufirði 10. maí þar sem við munum heimsækja Gunnjónu ljósmóður og skoða Siglufjörð og það sem hann hefur upp á að bjóða.

Félagar í NLMÍ eru 47 og í stjórn eru:

Hulda Magnadóttir, formaður
Birgitta Níelsdóttir, varaformaður
Rakel Káradóttir, meðstjórnandi
Eva Laufey Stefánsdóttir, gjaldkeri
Sigrún Rósa Vilhjálmisdóttir, ritari

Bestu kveðjur frá stjórn NLMÍ.